

Kjalnesingur

7. tbl. 13. árg.

Fréttabréf Íbúasamtaka Kjalarness

24. október 2013

Á Kjalarnesi hafa ýmsir lagst til sunds í gegnum árin en fyrir rúmu ári hvatti Eiríkur á Skriðu til þess að áhugasamir gætu hittst við Klébergslaug kl. 11 alla sunnudaga til að stunda sjósunds en síðan notið heita pottsins til að ná aftur upp hita í kroppinn. Þeir eru margir sem hafa nýtt sér þetta og umsagnir eins og tær og mjúkur sjór, frábær undiralda,

einstakt umhverfi og snilldar sundstaður hafa verið gefnar.

Á dögnum stóð Björgunarsveitin Kjölur fyrir fyrirlestri í Fólkvangi um helstu hættur og fyrstu hjálp í sjósundi. Var Friðrik Theodórsson slökkviliðs og sjúkraflutningamaður fenginn til að fara yfir þessa þætti en áður fóru 24 sundfélagar í sjóinn framan við Klébergslaug.



Mikill áhugi reyndist vera fyrir fræðslu sem þessari því vel á fimmta tug sjósundskappa og annarra áhugasamra úr Borgarfirði jafnt sem Reykjavík mættu í Fólkvang. Í lokin spunnust fjörugar umræður eins og það að mikilvægt sé að fylgja ákveðnum öryggisreglum í sjósundinu og þekkja sín takmörk. Þá var rætt um mikilvægi þess að fara ekki einn í sjóinn og einnig það hver sé ábyrgð sundmanns gagnvart sundfélaga. Mikilvægt er að hafa grunn reglur um

sjósund á áberandi stað þar sem sjósund er stundað.

Það voru saddir og sáttir sundáhugamenn sem fóru af þessum fræðslufundi og beðið var fyrir sérstakar þakkir til Önnu Filbert sem átti hugmyndina að þessu ásamt þökkum til Björgunarsveitarinnar Kjarlar sem hafði veg og vanda af framkvæmdinni sem styrkt var af Reykjavíkurborg.

ÁH

Hér er gripið niður í grein sem tíður sjósundsgestur hér, Ásgeir Sæmundsson skrifaði um reynslu sína. “Fyrir flesta sem byrja sjósund er þetta viss áskorun; í upphafi þarf að yfirstíga ákveðinn ótta og reyna á þolmörkin. En sjósund snýst um svo miklu meira en það. Þegar ég lít til baka og hugsa um þann tíma sem liðinn er, geri ég mér grein fyrir því hversu miklu auðugra líf mitt er í dag. Ég hef kynnst yndislegu fólki og eignast fjöldann allan af nýjum vinum. Ég hef fundið heitan sumarsjóinn umlykja líkamann og flotið eins og korktappi í

kvöldsólinni. Hef fundið þann innri frið sem fylgir því að synda í hafinu, gleyma stund og stað og endurnærast eftir erfiðan dag. Eftir situr gleði og ánægja.

Það er svo merkilegt að í sjónum er alltaf gleði. Allir eru kátir, allir spjalla og vinátta er sjálfsögð þegar þú syndir með einhverjum. Oft heyrast söngvar óma og hlátrasköll bergmála milli aldanna. Þetta er bara lítið brot af öllu því sem heillar mig og fær mig til að koma aftur og aftur.”

Kjalnesingur

Útgefandi: Íbúasamtök Kjalarness
Ábyrgðarmaður: Ásgeir Harðarson
Netfang: kjalnesingur@kjalarnes.is

Kjalnesingur

Við fögnum öllu efni sem berst til okkar og reynum eftir föngum að birta það við fyrstu hentugleika.

Þá eru allar auglýsingar afar vel þegnar einkum ef smávægilegur útgáfustyrkur fylgir með.

Þetta blað er að vanda fullt af upplýsingum um mál sem snerta Kjalnesinga. Nokkuð af efni liggur fyrir sem ekki komst að í þessu blaði. Þar má nefna Grænfánaskólana, Umfjöllun um hlutfall Kjalnesinga af erlendum uppruna, húsnæðismál á Kjalarnesi svo eitthvað sé nefnt.



Undirbúningur að útgáfu næsta blaðs er því hafinn og stefnt að næstu útgáfu eftir fjórar til sex vikur.

Alltaf má hafa samband við okkur á netfangið:
ik@kjalarnes.is og síma Fólkvangs 662 5566

Grænt Kjalarnes á fasbókinni



Hverfisráðið vekur athygli á að komin er fésbókarsíða sem ber heitið Grænt Kjalarnes. Vonast er til að þar verði upplýsingar og umræður til gagns og gamans fyrir Kjalnesinga.
Nýttum samtakamáttin.

Við hvetjum alla Kjalnesinga til að ganga í hópinn.

Kvenfélagið Esja

Fastir fundir verða í Fólkvangi annan miðvikudag í mánuði kl 20:00

Framundan er kaffihlaðborð í Fólkvangi þann 3. nóvember kl. 15 - 17 og því næst verður jólabasarinn ásamt jólaföndri skógræktarfélagsins þegar líður að aðventu

Póstlistinn "á döfinni"

Íbúasamtök Kjalarness hafa haldið utan um póstlista sem telur yfir 300 netföng hjá íbúum á Kjalarnesi.

Þessi netfangalisti er nýttur til að koma skilaboðum til íbúa eða vekja athygli á viðburðum á Kjalarnesi. Ef þú hefur ekki fengið póstinn "á döfinni" frá ÍK á síðustu vikum ertu ekki á þessum póstlista.

Með því að senda póst á ik@kjalarnes.is merktur "póstlisti" verður netfang þitt skráð á þennan lista.

Skráðu þig á póstlistann

Vefur okkar Kjalnesinga www.kjalarnes.is sendir sjálfkrafa út raf-póst til þeirra sem skrá sig á póstlistann þegar fréttir eða tilkynningar eru ritaðar á vefinn. Viljum við hvetja alla sem áhuga hafa á umhverfi sínu og samfélagi að skrá sig á póstlistann.

Vinsamlegast sendið okkur póst á kjalnesingur@kjalarnes.is og óskið eftir að verða skráð á póstlistann.

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi samkomustaður í fjöru-borðinu.

Allar nánari upplýsingar og bókanir hjá Soffiu Sóleyju í síma 662 5566.

ÁGÆTU KJALNESINGAR

Takk fyrir að flokka!

PAPPÍR ER EKKI RUSL



Alit um breytta sorphirðu í hverfinu þínu er að finna á pappirerekkrust.is

Reykjavíkurborg SORPA

Sumarferð eldri borgara

Það var föstudaginn 11. júlí sl. sem níu manna hópur eldri borgara í Kjalarneshreppi fóru í árlega sumarferð sína.

Ferðir þessar eru farnar á vegum Brautarholtssóknar og

hafa jafnan þótt takast vel. Að þessu sinni var haldið í Dali vestur. Veður var allgott, 10 stiga hiti og smásuddi. Við höfðum fróðan og kunnugan ökumann, Hafstein Snæland auk þess sem Margrét Jóhannsdóttir, ferðafélagi okkar er þau kunnug á svæðinu, enda uppalin í Saurbæjarhreppi.

Ekið var fyrst að Eiríksstöðum í Haukadal og gamli tilgátubær Eiríks rauða skoðaður. Þar var fyrir ungur maður, fróður vel og flóðmælskur og ræddi við hvern á sinni þjóðtungu. Þótti mér það býsn mikil, hvílíku magni upplýsinga hann kom frá sér á skömmum tíma.

Frá Eiríksstöðum var ekið í Búðardal og snædd þar soðin ýsa og kartöflur. Að svo búnu var ekið fyrir Klofning, að Skarði á Skarðsströnd og kirkjan skoðuð. Þar er margvísleg

merkra muna frá liðnum tíma, t.d. altarisbrík sem kennd er við Ólöfu ríku á Skarði. Brík þessi var sýnd á heims sýningunni í París árið 1910.

Næst var haldið að Purranesi í Saurbæ og drukkið þar miðdegiskaffi. Þar er rekin ferðaþjónusta. Eftir það var farið að síga af

stað heim með viðkomu í verslun við aðalgötu Búðardals, það er Þjóðveginn. Þar gerði undirrituð ágæt kaup og eflaust fleiri. Voru allir heilir og hressir þegar komið var heim að Fólkvangi aftur um átta leitið að kvöldi.

Anna Margrét Sigurðardóttir
Saurbæ, Kjalarnesi



Eldri borgara hópurinn 60+ í vikulegu fimmtudagskaffi í Fólkvangi.

Mynd tekin í maí 2012

Fermingarundirbúningur í Reynivallaprestakalli

Fermingarfræðslan í Reynivallaprestakalli hefst í Klébergsskóla föstudaginn 1. nóvember.

Þeim sem eiga eftir að skrá sig er bent á að hafa samband við undirritaðan á netfanginu

sgunnar@ismennt.is eða í síma 8614701.

Fermingardagar í Brautaholtskirkju verða sumardaginn fyrsta þann 24. apríl og sunnudaginn 27. apríl, báðum dögum kl. 11 f.h. og 13:30.

Gert er ráð fyrir að fermingar-dagur á Reynivöllum verði sunnudaginn 4. maí kl. 14.

Gunnar Kristjánsson sóknarprestur á Reynivöllum

Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju

Sunnudagaskólinn er að jafnaði annan hvern sunnudag kl 11:00 í Brautarholtskirkju. Nánari upplýsingar eru á baksíðu Kjalnesings og undir liðnum Á Döfinni á www.kjalarnes.is.

Það verður gaman hjá okkur í vetur. Við ætlum að syngja fullt af skemmtilegum lögum og hlusta á fræðandi biblíusögur.



Svo kemur hann sr. Gunnar Jóhannesson héraðsprestur stundum í heimsókn til okkar með vini sína Rebba ref og Músarpésa – þá er sko stuð! Verið öll hjartanlega velkomin!

Kveðja,
Rannveig Iðunn
og Palli Helga

Eru stjórnsýslukærur einungis fyrir þá efnameiri?

Eins og mörgum er kunnugt var Íbúasamtökum Kjalarness (ÍK) stefnt til ógildingar úrskurði umhverfisráðherra. Árið 2009 lagði fyrri stjórn ÍK frá stjórnsýslukæru vegna útlutunar starfsleyfis til Skotreynar. Það mál hefur á þessum fjórum árum undið verulega upp á sig og Íbúasamtökin sett upp við vegg og ekki átt annars kost en að taka til varna. Í dag nemur lögfræðikostnaður sem þegar hefur fallið á ÍK kr. 815þús án þess að við höfum á nokkurn hátt getað vikist undan þessu máli.

Hér á eftir er málið rakið lið fyrir lið.

2010 samþykkir nefndin samhljóða svohljóðandi bókun: *Með vísun til minnisblaðs skrifstofustjóra Umhverfis- og samgöngusviðs og niðurstaðna þess varðandi stjórnsýslulög og góða stjórnsýslu, mun heilbrigðisnefnd Reykjavíkur ekki freista þess að fá úrskurði umhverfisráðherra hnekkt. Þess í stað mun heilbrigðisnefnd vinna að því ásamt Skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar að finna skotvællinum nýjan stað og stefna að flutningi starfseminnar úr Álfsnesi svo fljótt sem auðið er.*

Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir virðist ekki bóla á neinum úrlausnum. Í september 2012 berst síðan stefna frá Skotreynd á hendur ÍK, Eiríks og Sigrúnar á Skriðu, Reykjavíkurborgar og umhverfisráðherra. Krafa Skotreyndar er að úrskurður ráðherra verði ógildur.



Æfingarsvæði Skotreyndar á Álfsnesi

Málið hefst með starfsleyfisveitingu Reykjavíkurborgar til Skotreyndar þann 4. maí 2009. Þann 12. júní 2009 leggur ÍK ásamt hjónunum í Skriðu þeim Eiríki og Sigrúnu fram stjórnsýslukæru til umhverfisráðuneytis. Í kærunni er gerð athugasemd við að deiliskipulag skorti á Álfsnesi til að heimilt sé að nýta umrætt landsvæði undir skotvelli en þar séu skotæfingar stundaðar á svæðinu nær alla daga vikunnar á hinum ýmsu tímum. Veldur hávaðinn frá þeim óþægindum fyrir kærendur, fjölmarga íbúa Kjalarness og einnig þann mikla fjölda sem stundar útivist í hlíðum Esjunnar. Kröfur kærenda eru að hin kærða ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 4. maí 2009 og starfsleyfi það sem með þeirri ákvörðun var veitt, verði ógilt.

Þann 15. mars 2010 fellir umhverfisráðuneytið úrskurð.

Úrskurðarorð: *Hin kærða ákvörðun Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur frá 4. maí 2009 um útgáfu starfsleyfis til Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis er felld úr gildi.*

Þessum úrskurði sinna hvorki borgin með því að afturkalla starfsleyfi né Skotreynd heldur er starfsemi haldið áfram átölulaust. Í maí 2010 átti formaður ÍK og Eiríkur á Skriðu fund um þetta mál með heilbrigðisnefnd Reykjavíkur þar sem samkomulag varð um að gefa borginni 12 mánuði til að undirbúa nýtt svæði til skotæfinga. Á þeim tíma skildu kærendur ekki aðhafast neitt til að trufla þá starfsemi sem þá var á Álfsnesi.

Á 31. fundi Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur þann 7. 06.

Við flutning þessa máls krafðist Reykjavíkurborg þess að vera ekki lögvarður aðili að málinu og á það féllst héraðsdómur. Hér eru málsatvik rakin:

S höfðaði mál gegn íslenska ríkinu, ÍK, E, S og sveitarfélaginu R og krafðist meðal annars ógildingar á úrskurði umhverfisráðuneytisins þar sem felld var úr gildi ákvörðun heilbrigðisnefndar R um útgáfu starfsleyfis til S til reksturs skotæfingarsvæðis. Úrskurður héraðsdóms þar sem málinu var vísað frá að því er varðaði R var staðfestur með dómi Hæstaréttar. Ekki varð séð að R hefði lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og að samkvæmt dómaframkvæmd yrði ekki gerð krafa til þess að sveitarfélag ætti aðild að máli þegar fjallað væri um gildi leyfis eins og því sem málið lyti að. Ekki var því réttarfarsleg nauðsyn til aðildar R að málinu.

Skotreynd áfrýaði þeim úrskurði til Hæstaréttar sem staðfesti frá-vísunarúrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur.

Úrdráttur úr dómi Hæstaréttar

Í máli þessu er fjallað um gildi ákvörðunar Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 4. maí 2009 um útgáfu starfsleyfis til sóknaraðila. Ekki verður séð að varnaraðilinn Reykjavíkurborg hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins og samkvæmt dómaframkvæmd verður ekki gerð krafa til þess að veitarfélag eigi aðild að máli þegar fjallað er um gildi leyfis

af því tagi sem hér um ræðir. Var því ekki réttarfarleg nauðsyn til aðildar varnaraðilans Reykjavíkurborgar að málinu. Samkvæmt þessu verður staðfest niðurstaða hins kærða úrskurðar. Það athugist að ekki verður séð að rök standi til að íslenska ríkið eigi aðild að málinu.

Dómsorð: Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Hér verður að hafa í huga að í upphafi lögðum við inn stjórnsýslukæru vegna þess að við töldum að brotið hefði verið gegn okkur íbúum. Í samfélagi þar sem stjórnvöld hafa viðtækar heimildir til að taka ákvarðanir um rétt og skyldu borgaranna er stjórnsýslukæra hluti af nauðsynlegu eftirliti með því að við beitingu stjórnsýsluvalds fylgi stjórnvöld þeim reglum sem löggjafinn hefur sett. Reglur um stjórnsýslukæru auka réttaröryggi með því að veita aðilum máls heimild til að fá endurskoðaðar ákvarðanir sem þeir telja rangar eða eru þeim óhagstæðar. Þannig er stuðlað að því að aðilar máls þurfi ekki að líða skaða vegna mistaka sem geta átt sér stað í stjórnsýslunni

Stjórnsýslukæra er því leið íbúa til að leita réttar síns gagnvart yfirlöndum sem með stjórnsýsluákvörðun ganga hugsanlega á rétt borgaranna. Ef íbúar eiga á hættu að lenda í miklum kostnaði við að leita réttar síns hlítur þessi leið algjörlega að missa marks þar sem íbúar munu veigra sér við að leggja inn stjórnsýslukæru sem hugsanlega gæti valdið milljóna útgjöldum ef þeir lenda í málaferlum.

Eftir þennan dóm Hæstaréttar standa Íbúasamtök Kjalarness og hjónin á Skriðu ein eftir sem varnaraðilar í þessu máli sem tekið var fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 21 maí sl.. Dómur féll þann 18. júní með eftirfarandi dómsorði:

Stefndu, Íbúasamtök Kjalarness, Eiríkur Hans Sigurðsson og Sigrún Árnadóttir, eru sýknuð af kröfum stefnanda, Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, í máli þessu. Stefndi greiði

stefndu 750.000 krónur í málskostnað.

Við förum því sigurreif inn í sumarið en fljótlega benti lögfræðingur okkar á að við yrðum að greiða honum strax þessa útlagða vinnu kr. 815.171,- en síðan yrðum við að sjá um innheimta málskostnaðinn hjá Skotreytn. Nú hefur Skotreytn óskað eftir heimild til að áfrýja þessum dómi til Hæstaréttar og meðan beðið er dóms Hæstaréttar getum við ekki krafist þá um greiðslu málskostnaðar. Fyrir liggur að ákveða framhald málsins en fyrst verður að gera upp við lögfræðing okkar áður en lagt er í frekari útgjöld.

Stjórn Íbúasamtaka Kjalarness harmar þá stöðu sem upp er komin því hún felur í sér fjárhagsskuldbindingar sem við höfum ekkert um að segja. Með stjórnsýslukæru gerðum við athugasemd við ákvarðanir stjórnvalda þar sem við töldum að þessi ákveðna starfsemi félli ekki að skipulagi. Undir það var tekið í úrskurði og í héraði. Nú sitjum við uppi með stefnu frá Skotreytn á hendur Íbúasamtökunum sem er tilkomin vegna þessarar stjórnsýslukæru. Við getum ekki setið hjá því þá töpum við málinu og sitjum uppi með þann málskostnað sem kominn er í þessu máli.

Af reynslu þessa máls teljum við mikilvægt að settur verði varnagli í löggjöfina þannig að hinn almenni íbúi þurfi ekki að vega það og meta út frá fjárhagslegri getu hvort hann leggi fram stjórnsýslukæru eða ekki, finnist honum á sér brotið. Það verður að tryggja að sá sem leggur fram stjórnsýslukæru geti án tillits til efnahags tekið til varna með þeim sérfræðingum sem hann velur sér.

Fyrir hönd stjórnar ÍK
Ásgeir Harðarson, formaður
s: 894 3065, asgeir@kjalarnes.is

Kvenfélagið Esja

Kaffihlaðborð sunnudaginn 3. nóv. 2013

kl. 15-17 í Fólkvangi



Því ekki að gera sér dagamun og styðja um leið

kvenfélagið til góðra verka í hverfinu.

1000 kr. / fullorðnir

500 kr. / börn

Vertu “memm” í Grænu Kjalarnesi

Í byrjun ársins 2013 ákváðu samtök og stofnanir á Kjalarnesi að hefja samstarf um uppbyggingu svæðisins, undir heitinu Grænt Kjalarnes. Þátttakendur í samstarfinu eru Björgunarsveitin Kjölur, Hagsmunasamtök hestamanna á Kjalarnesi, Hverfisráð Kjalarness, Íbúasamtök Kjalarness, Klébergsskóli, Kvenfélagið Esja, Leikskólinn Berg, Miðgarður – þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Skógræktarfélag Kjalarness, Sögufélagið Steini, Ungmennafélag Kjalnesinga og Próunarfélag Kjalnesinga.

Ákveðið var að móta sameiginlega framtíðarsýn fyrir svæðið - í tengslum við þróun landsins, frístundatækifæri og atvinnutengt efnahagslíf - og nýta síðan samtakamáttinn til að stuðla að því að sú framtíðarsýn yrði að raunveruleika. Ákveðið var að framtíðarsýnin myndi byggja á sérkennum Kjalarness sem grænt víðáttumikið dreifbýlissvæði innan marka Reykjavíkurborgar og möguleikum svæðisins til að auka lífsgæði fólks. Áherslur framtíðarsýnarinnar eru þannig að viðhalda og vernda Kjalarnes sem opnu og dreifbýlu svæði innan borgarmarkanna en einnig að íbúar bæði svæðisins og þéttbýlisins hinu megin við fjörðinn hafi aðgengi að grænum svæðum í tengslum við atvinnulíf, fræðslu og frístund.

hafist.

Fleiri verkefni eru í vinnslu á vegum samstarfsins eða þátttakenda þess. Má þar nefna fundi með ábyrgðaraðilum borgarinnar út af sorphirðumálum, hugmyndavinnu að byggingu keltneks langhúss, uppbyggingu og þróun á Fólkvangi og svæðinu þar í kring, þarfagreiningu hesthúsahverfis og reiðvega á svæðinu, þrýsting á úthlutun iðnaðarlóða við Grundarhverfið og undirbúning fyrir samráð vegna áætlaðrar vinnu borgarinnar á næsta ári tengt mótun hverfisskipulags fyrir Kjalarnes.

Hins vegar er ljóst að mörg verkefnanna eru til lengri tíma. Þar á meðal má nefna Græna trefilinn, sem er skógarbelti umhverfis borgina sem verið hefur á aðalskipulagi í mörg ár en ekki komist til framkvæmdar. Hluti beltisins er í Esjuhlíðum og mátu þátttakendur Græns Kjalarness svo að gróðursetning Græna trefilsins væri forgangsmál bæði sem skjólbelti tengt umferðaröryggi og sem framtíðar frístundaaðstaða. Margir fundir hafa því verið haldnir með borginni, leyfi hefur fengist til að hefja gróðursetningu í þau svæði sem borgin á og hefur afnotarétt af og í sumar plöntuðu samstarfsaðilarnir í Grænu Kjalarnesi um 1000



Settir voru á laggirnar stýrihópur sem heldur utan um samstarfið og tveir verkefnahópar sem halda utan um og annast framkvæmd skilgreindra verkefna, hvor á sínu sviði. Annar fjallar um byggðapróun, samgöngur og atvinnulíf en hinn um umhverfis-, úrgangs- og frístundamál.

Á þeim tíma sem liðinn er hafa nokkur verkefni komist til framkvæmdar, eins og mótun atvinnustefnu fyrir svæðið sem Próunarfélagið átti framkvæði að og vann, kynning á drögum að nýju aðalskipulagi fyrir borgina sem Hverfisráðið skipulagði, kynningarfundur og ákvörðun borgarinnar að niðurgreiða moltutunnur fyrir Kjalnesinga sem gerðist fyrir tilstuðlan umhverfshópsins og ruslagámar sem settir voru upp fyrir tilstuðlan íbúasamtakanna í tengslum við Kjalarnesdaga.

Einnig hefur fengist styrkur til uppbyggingar Barnalundar, en ætlunin er að búa til skjólsælan lund inni í eða nálægt Grundarhverfinu þar sem gróðursett verður tré fyrir hvert barn sem fæðist á Kjalarnesi. Þegar þetta er skrifað er verið að vinna í að fá samþykki fyrir staðsetningu lundarins, til að framkvæmd geti

plöntum undir verkstjórn Skógræktarfélagsins, en borgin lagði plönturnar til. Enn fremur er unnið að því að fá samþykki annarra landeigenda til gróðursetningar ofan við lönd þeirra, en töluvert flækjustig er í kringum eignarhald lóða í dreifbýli Kjalarness.

Ímynd Kjalarness er samstarfsaðilunum enn fremur ofarlega í huga, enda mikilvægt fyrir íbúa að sú mynd sem almenningur hefur af svæðinu sé jákvæð. Núverandi umræða, sem snýst aðallega um erfitt veðurfar og hlutfall íbúa af erlendum uppruna byggir á röngum upplýsingum og býr til neikvæða og ranga mynd sem þarf að leiðrétta.

Grænt Kjalarnes snýst þannig um samstarf sem leyfir þeim sem er annað um svæðið sem þeir búa á og samfélagið sem þeir búa í að stilla saman strengina. Samstarfið eykur einnig getu til framkvæmdar því stærri hópur en ella kemur að málum ef þarf.

Allir áhugasamir um þróun Kjalarness eru hvattir til að taka þátt í samstarfinu, bæði íbúar og fulltrúar fyrirtækja á svæðinu. Til að fá frekari upplýsingar eða tilkynna áhuga á þátttöku sendið netpóst á Hrönn Pétursdóttur í netfangið hronnp@simnet.is.



PAPPÍR
ER EKKI RUSL

Það var ...

of mikill pappír í tunnunni

... þegar við komum

Þess vegna var
tunnan ekki losuð.

Flokka þarf
pappírinn frá.

Kynntu þér breytta
sorphirðu á síðunni
pappirerekkirusl.is
eða í síma: **411 1111**



EKKI LOSAÐ

Nú þarf að vanda sig!

Eftir 10. október verða
gráar og grænar tunnur
sem innihalda pappír
eða pappa ekki tæmdar.

Bættu við blárri tunnu
með einu símtali í **4 11 11 11**
eða með tölvupósti á
sorphirda@reykjavik.is
og sparaðu þér peninga og
fyrirhöfn.

Þú finnur allt um flokkunar-
reglurnar á pappirerekkirusl.is.



– Takk fyrir að flokka!



Reykjavíkurborg

SORPA

Sjáumst í myrkrinu !

Nú er orðið dimmt á morgnana þegar börn eru á leið í skólann og fullorðnir ganga eða hjóla til vinnu. Þá er mikilvægt að nota endurskinsmerkin. Björgunarsveitin Kjölur minnir á mikilvægi endurskins á flíkum og eða skóm og hjólum. Af því tilefni gaf Kjölur endurskinsmerki í 1. - 3. bekk Klébergsskóla.



Myndin er af 1. og 2. bekk í Klébergsskóla

Slitlagið á Vallargrundinni

Oft og mikið og lengi hefur verið kvartað undan holum í malbikinu á Vallargrundinni við Klébergsskóla. Einnig hefur verið kvartað yfir mjög þröngri beygju inn að Klébergsskóla þar sem keyrt er út fyrir malbikið í beygjunni og þar veðst drullan upp. Vegurinn þar fyrir framan ósléttur og mjög stutt í að það komi þessar árlegu slæmu holur sem oft eru á þessum kafla. Þrátt fyrir góðar viðhaldsframkvæmdir í Grundarhverfi nú í haust er þetta enn eftir.

Kjalnesingur hafði samband við Theodór á Umhverfis- og Skipulagssviði en hann upplýsti að fljótlega standi til að laga þetta. Þar sem ekki er malbik í Vallargrundinni þá var ekki hægt að malbika í þetta. Þarf að setja annað efni og verður það gert fljótlega.

ÁH



Styrkur til hverfisblaðsins Kjalnesings

Það er ánægjulegt að segja frá því að á síðasta fundi borgarráðs var samþykkt að veita Kjalnesingi útgáfustyrk að upphæð kr. 350.000,- sem greiddur verður út á næstu dögum. Færum við þeim bestu þakkir fyrir stuðningin.



Reykjavíkurborg

Jólaföndur og jólabasar

Skógræktarfélag Kjalarness og Kvenfélagið Esja bjóða Kjalnesingum til árlegs jólaföndurs og jólabasars í upphafi aðventu þann 30. nóvember í Fólkvangi.

Eins og áður verða fríar furu- og grenigreinar frá Skógræktarfélaginu

Allir velkomnir

Karلاكór Kjalnesinga

Karلاكór Kjalnesinga verður með jólatónleika í Langholtskirkju laugardaginn 7. desember kl. 16 ásamt Freyjukórnum úr Borgarfirði. Síðan hyggjum við á Ítalíuferð í byrjun maí þar sem við ætlum að halda tónleika í Ortisei til minningar um Sigurð Demetz.



Breytingar á Vesturlandsvegi ofan Grundarhverfis

Samkvæmt upplýsingum sem Kjalnesingur aflaði sér frá Vegagerðinni er stefnt að breytingum á vegtengingum hjá Grundarhverfi með vorinu.

Tillagan felur í sér að lengja vinstribeygjuvasa á Hringvegi við Brautarholtsveg. Þetta er gert með því að breikka örlítið og malbika axlir fjallsmegin á veginum. Enn fremur felur tillagan í sér að malbika axlir móts við Fólkvang og setja vegrið í miðjan Hringveg sem nær frá Brautarholtsvegi og suður/austur fyrir Fólkvang. Vegurinn frá Klébergstorfundi verði jafnframt mótaður þannig að aðeins verði hægt að beygja af honum til hægri inn á Hringveg, en ekki verði hægt að beygja af Hringvegi inn á Klébergsskólaveg. Tillögur þessar eru nú til kynningar hjá borginni. ÁH



Jólabingó UMFK

Hið árlega jólabingó UMFK verður fyrsta sunnudag í
aðventu 1. desember næstkomandi kl. 11.00

Fullt að veglegum vinningum

Takið daginn frá, síðast var setið í hverju horni

Stjórn UMFK



Fjölskyldutímar í Íþróttahúsinu

Alla laugardaga kl 11 - 12 opinn íþróttatími í íþróttahúsinu fyrir alla

Þetta er fjölskyldutími og börnin verða að vera í fylgd með
fullorðnum.

Í lok tímans þarf að ganga frá salnum þegar tíminn er búin.

Þessir tímar eru á vegum UMFK



Útvega mold og grús.

Vinnuvélar, krani og vörubílar í ýmsum
stærðum til garðvinnu, stíga- og veg-
lagninga o.s.f.v.

Óli Valli 897-7605

Renta ehf. ökukennsla

Ökukennsla - Akstursmat - Endurtökupróf - Bíll - Mótorhjól



Eiríkur Hans Sigurðsson, löggiltur ökukennari, sími.: 895 8125

renta@renta.is - www.renta.is

FÉLAGSHEIMILIÐ FÓLKVANGUR

Fyrir fermingarveisluna, brúðkaupið eða afmælið



Fólkvangur er heillandi
samkomustaður í fjöru-
borðinu.

Allar nánari upplýsingar
og bókanir hjá
Soffíu Sóleyju
í síma 662 5566.

Hrekkjavöku - Party í Fólkvangi

Laugardaginn 26 október verður haldið Halloween party í Fólkvangi, félagsheimili Kjalnesinga. Það verður mikið skreytt beinagrindur, köngulær og ýmislegt sem kemur á óvart.

Kl. 13-15 fjölskylduskemmtun, í boði verður safi, popp, nammi og rice crispy kökur.

Kostar kr.500.- á mann og fer allur ágóðinn til foreldrafélaga Klébergsskóla og Leikskólans Bergs.

ATH. enginn aukakostnaður inni á ballinu.

Kl. 20 fyrir 18 ára og eldri, og dansað fram á nótt.

Tilvalið tækifæri að klæða sig upp og sameina vini, fjölskylduna og vinnufélagana.

Frábært tækifæri að fara aðeins út fyrir bæinn og skemmta sér saman í frábæru húsi.

Leyfilegt að vera með eigin veitingar, ekki hægt að versla á staðnum.

Kostar kr.1000.- á mann og fer allur ágóðinn í það að kaupa nýjar kaffi-könnur fyrir félagsheimilið Fólkvang.



Félögin á Kjalarnesi

Tengil: Soffía Sóleys.867-2331/soffiath@simnet.is

Munið netfangalista Íbúasamtaka Kjalarness ik@kjalarnes.is

Á döfinni er netpóstur sem sendur er út til þeirra sem eru á netfangalista Íbúasamtakanna.

Þeir sem vilja fá vikulegar upplýsingar um það sem er framundan geta skráð sig með því að senda póst á netfangið ik@kjalarnes.is.

Hér er sýnishorn af því sem er framundan:

- Laugardaginn 26. október kl. 13 - 15 er fjölskyldu skemmtun í tilefni HREKKJAVÖKU í Fólkvangi.
- Laugardaginn 26. október kl. 20 hefst HREKKJAVÖKUPARTÝ fullorðinna í Fólkvangi.
- Sunnudaginn 3. nóvember kl. 15 - 17 er Kvenfélagið Esja með KAFFIHLAÐBORÐ í Fólkvangi
- Laugardaginn 30. nóvember kl. 11 - 14 verður JÓLAFÖNFUR skógræktarfélagsins
- Laugardaginn 30. nóvember kl. 11 - 14 verður JÓLABASAR Kvenfélagsins ESJU
- Sunnudaginn 1. desember kl. 11 er JÓLABINGÓ UMFK í Fólkvangi
- Sunnudaginn 8. desember kl. 17 er AÐVENTUKVÖLD í Fólkvangi

Helgiöld í Brautarholtssókn

27. okt., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

10. nóv., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

17. nóv., kl. 11:00. Guðspjónusta í Brautarholtskirkju

24. nóv., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

08. des., Sunnudagaskólinn í Brautarholtskirkju kl. 11:00.

08. des., Aðventukvöld í Fólkvangi kl. 17:00



Messur í Reynivallakirkju í Kjós:

3. nóvember, guðspjónusta kl. 14,

8. desember, guðspjónusta kl. 14,

Organisti: Páll Helgason,

Gunnar Kristjánsson
sóknarprestur